

Stjórnvaldsekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 8. febrúar 2008 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Alfesca hf., vegna brots á 63. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Alfesca hf., hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti sín innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Um var að ræða víðskipti Alfesca hf. með eigin bréf sem áttu sér stað 28. september 2007 en voru ekki tilkynnt fyrir en 17. október 2007.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti og 74. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.500.000.